

um kr. 10.583,36, sem deponerað var 24. október 1984, sbr. kvittun á dskj. 22.

Málskostnaður ákveðst kr. 23.000,00.

Auður Þorbergsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, F.I.L.M. hf., greiði stefnanda, Borgari Garðarssyni, kr. 47.092,70 með 45% ársvöxtum frá 1. júní 1983 til 21. september 1983, með 37% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október 1983, með 34% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1983, með 30% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember 1983, með 23% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, með 17% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, með 25% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1985, með 48% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1985, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1985, með 45% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, með 33% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl 1986 og með 27% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádregnum kr. 10.583,36, og kr. 23.000,00 í málskostnað.

Föstudaginn 12. júní 1987.

Nr. 330/1986. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn

Magnúsi Friðrik Óskarssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Líkamsárás leiðir til dauða.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir og Halldór Þorbjörnsson og Gaukur Jörundsson settur hæstaréttardómari.

Héraðsdómi var samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 175. gr. laga nr. 74/1974 áfrýjað til Hæstaréttar til þyngingar með stefnu 9. desember 1986.

I.

Eftir uppsögu héraðsdóms lagði ríkissaksóknari mál þetta fyrir Læknaráð og óskaði svara um hvort ráðið féllist á 1) niðurstöður Gunnlaugs Geirssonar prófessors í krufningarskýrslu og 2) niðurstöður Hannesar Péturssonar yfirlæknis í greinargerð hans um geðheilbrigðisrannsókn á ákærða. Í ályktun Læknaráðs, staðfestri 21. apríl sl., er fyrri spurningunni svarað játandi, en um hina segir á þessa leið: „Ákærði er hvorki vangefinn né með meiri háttar geðveiki (psychosis) og ekki haldinn persónuleikatrufnunum sem draga úr sakhæfi. Læknaráð fellst því á að ákærði sé sakhæfur.“

Við munnlegan flutning málsins hér fyrir dómi bar verjandi ákærða fram þá kröfu að áður en dómur gengi yrði aflað gagna um sjúkrahúsvist Gunnhildar Gunnarsdóttur í Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri vorið 1984, um ástæður fyrir vistuninni og um lækniaðgerðir af því tilefni, og að málið yrði að upplýsingum fengnum lagt á ný fyrir Læknaráð. Hafði verjandinn áður borið kröfur þessar upp við ríkissaksóknara og hann beint þeim til Fjórðungssjúkrahússins (dr. Þorkels Guðbrandssonar yfirlæknis) með bréfi 27. f.m. Í svarbréfi yfirlæknisins, dags. 5. þ.m., segir hann m.a.: „Með vísan í 10. grein læknalaga sér undirritaður sér aðeins fært að upplýsa eftirfarandi: Gunnhildur Gunnarsdóttir var lögð inn á lyflækningadeild Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri 16.03. og 02.05. '84. Hún útskrifaðist af lyflækningadeildinni í bæði skiptin samdægurs.“

Eigi eru efni til að verða við ofangreindri kröfu, þar sem ekki verður talið, að þau gögn, sem þar ræðir um, geti á neinn hátt ráðið úrslitum um niðurstöðu í máli þessu.

II.

Svo sem í héraðsdómi greinir verður að telja sannað að atferli ákærða gagnvart Gunnhildi Gunnarsdóttur hafi verið orsök að dauða hennar. Í málinu er það álitafni hvort þessi afleiðing árársinnar verði metin ákærða til sakar vegna ásetnings eða gáleysis. Atlaga ákærða var að vísu háskaleg, en varhugavert þykir þó að

álykta að ákærði hafi hlotið að sjá það fyrir sem langlíklegustu afleiðingu að bani hlytist af henni. Hins vegar mátti hann gera sér grein fyrir að atlagan gæti leitt til dauða. Þykir varlegast að meta afleiðingar árásarinnar ákærða til sakar sem gáleysisverk. Þess er að geta að málið hefur verið flutt fyrir Hæstarétti með tilliti til þess að 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 kynni að eiga við um atferli ákærða í stað 211. greinar, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974.

Við ákvörðun refsingar þykir eigi verða litið til 9. töluliðar 74. greinar hegningarlaga.

Með þessum athugasemdum ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms. Ákærði hefur sætt gæsluvarðhaldi óslitið síðan héraðsdómur gekk og ber að draga þá vist frá refsingu hans.

Ákærði verður dæmdur til greiðslu áfrýjunarkostnaðar svo sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Refsiákvörðun héraðsdóms á að vera óröskuð, en gæsluvarðhaldsvist ákærða, Magnúsar Friðriks Óskarssonar, óslitið frá 7. maí 1986 á að koma refsivist til frádráttar. Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óhaggað.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmar Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 50.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 31. október 1986.

Ár 1986, föstudaginn 31. október, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Haraldi Henryssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 569/1986: Ákærvaldið gegn Magnúsi Friðrik Óskarssyni, sem tekið var til dóms 30. sama mánaðar.

Mál þetta höfðar ríkissaksóknari fyrir sakadómi Reykjavíkur með ákæru, dagsettri 14. ágúst 1986, á hendur ákærða, Magnúsi Friðrik Óskarssyni vélgæslumanni, Ferjubakka 10, Reykjavík, nú gæsluvarðhaldsfanga í Hegningarhúsinu, Reykjavík, fæddum 17. september 1948 í Reykjavík. Er ákærða gefið að sök í ákærunni „að hafa árla morguns þriðjudaginn 6. maí 1986

svípt eiginkonu sína, Gunnhildi Gunnarsdóttur, lífi í íbúð ákærða í húsinu Ferjubakka 10, Reykjavík, þar sem Gunnhildur, sem ekki bjó lengur í íbúðinni, var stödd ásamt fjórum gestkomandi mönnum, með því í átökum við Gunnhildi í svefnherbergi, er ákærði ætlaði að koma í veg fyrir að Gunnhildur færi á brott og yrði sér úti um fíkniefni, að hafa gripið báðum höndum og af afli um framanverðan háls hennar og fyrir munn og haldið henni þannig niðri á gólfðýnu í kyrkingartökum, en jafnframt hnýtt skyrtuból upp í munn hennar og hert aftur fyrir hnakka og síðan bundið með ólum hendur hennar aftur fyrir bak og bundið fætur og að síðustu bundið saman með ólum hendur hennar og fætur. Þannig yfirgaf ákærði Gunnhildi um stund en varð þess áskynja, er ákærði hugði að henni litlu síðar, að Gunnhildur var meðvitundarlaus og virtist látin. Ákærði ásamt þeim er í íbúðinni voru kölluðu til sjúkrabifreið er flutti Gunnhildi á slysadeild, en Gunnhildur var úrskurðuð látin er þangað kom.

Verknaður ákærða telst varða við 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þessir:

I.

Kl. 6:32 að morgni 6. maí 1986 var hringt á Slökkvistöð Reykjavíkur og beðið um sjúkrabíl að Ferjubakka 10 þegar í stað vegna konu sem væri alveg við að deyja eða jafnvel dái eftir því sem beiðandinn sagði. Á staðinn fóru slökkviliðsmennirnir Ólafur Gísli Reynisson og Einar Þór Einarsson og fóru þeir eins hratt og mögulegt var.

Ólafur Gísli Reynisson slökkviliðsmaður, Ránargötu 11, fæddur 26. apríl 1961, hefur skýrt svo frá að þegar þeir komu að Ferjubakka 10 hafi maður verið fyrir utan húsið og vísað þeim upp á 2. hæð þess. Þegar þeir komu inn í íbúðina voru þar fyrir, auk þess sem hafði beðið þeirra, þrír aðrir menn sem virtust allir vera undir áhrifum áfengis, en þeir voru allir rólegir og þögulir.

Þegar komið var inn í svefnherbergið lá kona á dýnu upp við vegg á bakinu með hendur niður með síðunum. Var hún helblá í framan og með greinilega áverka á hálsi. Vitnið athugaði þegar hvort einhvern andardrátt væri að finna og fannst að svo væri, auk þess sem eitthvað korrði í henni. Var konan þegar færð á börum í sjúkrabifreiðina og á leiðinni reyndi Einar að lifga konuna við, en án árangurs. Einnig hófu lækna og hjúkrunarlið þegar að reyna að lifga konuna við þegar komið var á slysadeild, en það tókst ekki.

Einar Þór Einarsson slökkviliðsmaður, Bláskógum 13, fæddur 29. mars

1962, hefur skýrt frá á sama veg og framangreint vitni. Vitnið kveðst hafa athugað slagæð á hálsi konunnar og fannst því það finna veikan púls. Lagfærði vitnið legu konunnar með tilliti til öndunar, en sótti síðan sjúkrabörur í sjúkrabifreiðina. Á leiðinni á slysadeild í bifreiðinni reyndi vitnið hjartahnoð og blástur. Vitnið var síðan til aðstoðar á slysadeildinni meðan lækna reyndu að lífga konuna við. Sá vitnið þá bæði för á úlnliðum og ökkulum konunnar, eins og hún hefði verið bundin.

Lögreglumenn voru kvaddir að Ferjubakka 10 klukkan 6:35 og samkvæmt skýrslu Guðmundar Baldurssonar, lögreglumanns nr. 62, var sjúkrabifreið fyrir á vettvangi er þeir komu þarna að. Voru sjúkraflutningamenn að færa stúlku, sem lá á dývan í svefnherbergi, á sjúkrabörur er þeir komu þar inn. Var litarháttur stúlkunnar mjög fögur og ekkert lífsmark sjáanlegt. Lítilsháttar blóðstorka virtist vera í munnvikum hennar og sjáanlegar rispur og för á hálsi. Í íbúðinni voru auk stúlkunnar fjórir karlmenn, allir áberandi ölvadir, og drengur sem svaf í barnaherbergi.

Einn mannanna, sem reyndist vera ákærði í máli þessu, skýrði frá því að stúlkan væri sambýliskona hans og hétí Gunnhildur Gunnarsdóttir, fædd 2. mars 1957. Samkvæmt skýrslu lögreglumannsins var ákærði talsvert ölvður, en góður viðræðu. Ákærði sagði lögreglumönnum að hinir mennirnir þrír væru gestir sínir, en þeir voru Sævar Erlendsson, Guðjón Kristjánsson og Grímur Grímsson. Hann sagði að til deilu hefði komið milli sín og Gunnhildar, þar sem hún hafi ætlað að fara út en hann meinað henni það. Til átaka hafi komið milli þeirra og hafi hann tekið um höku hennar með annarri hendi og ýtt henni niður á dývaninn en hún slengst til og líklega rekist í. Var frásögn hans varðandi þetta nokkuð óljós. Hann kvaðst hafa veitt því athygli að hún var meðvitundarlaus og hafi hann leitað eftir hjartslætti en ekki fundið hann og þá hafið lífgunartilraun með blástursaðferð. Síðan hafi hann kallað til gestanna og hafi einn þeirra, Sævar Erlendsson, komið til sín og leitað eftir púlsslætti hjá Gunnhildi og sagt síðan að fá þyrfti sjúkrabifreið handa henni.

Vitnið hefur gefið skýrslu um afskipti sín greint sinn hjá rannsóknarlögreglu og staðfest hana fyrir dómi. Kemur þar m.a. fram að konan hafi vírst lífvana með öllu þegar lögreglumennirnir komu á vettvang.

Kristinn Ingvarsson lögregluþjónn var einn þeirra lögreglumanna sem komu þarna á vettvang. Hefur hann sagt að konan hafi verið blá í framan og sér hafi vírst sem blóð væri í munnvikum hennar. Sá vitnið ekki að konan væri með lífsmarki.

Rannsóknarlögreglumennirnir Bjarnþór Aðalsteinsson og Bertram Möller hafa gert skýrslu um skoðun á vettvangi í íbúðinni að Ferjubakka 10 og kemur þar fram að í herbergi því, er Gunnhildur var í, hafi verið mikil óreiða á öllum hlutum og mörgum hlutum ægt þar saman. Kemur þar m.a.

fram að tvær dýnur hafi verið við gluggavegg hvor ofan á annarri, en þar var sæng, koddí og sængurver og einnig hvítur nærbolur. Einnig voru þar lyftingartæki og bekkur og voru lyftingartækin boltuð föst við vegg gegnt dyrum herbergisins.

Sigurbjörn Víðir Eggertsson rannsóknarlögreglumaður kom á vettvang að Ferjubakka 10 samkvæmt beiðni lögreglu og fór einnig á slysadeild Borgarspítalans. Fékk hann þar þær upplýsingar að komið hefði verið með konuna um kl. 6:50 í slysadeildina. Hefði hún verið látin við komuna þangað og endurlífgun verið reynd án árangurs.

Í skýrslu Sigurbjörns Víðis er ytri áverkum á líki Gunnhildar Gunnarsdóttur lýst svo:

„Mar (blæðing undir húð) á hægri gagnauga, við vinstra munnvik, vinstra megin undir höku og litlar punktblæðingar í húð á vinstri kjálka, kinn og höku. Hægri megin á hálsi neðarlega er húðrispa ca 17 cm löng og nær hún frá öxl fram á barka. Fyrir ofan húðrispuna er talsverð blæðing undir húð. Á vinstri framhandlegg er lítil grunn húðrispa og einnig á handarbaki sömu handar. Einnig eru marblettir á framhandleggnum og handarbakinu. Á framhandleggnum við og ofan við úlnlið eru för, sem ná utan um handlegginn, eins og bundið hefði verið um hann. Sams konar för eru á hægri framhandlegg við úlnlið og á báðum fótleggjum ofan við ökkla. Blóð er meðfram nögnum á fingrum hægri handar. Lítil húðsár eru á hægri framhandlegg við úlnlið, á handarbaki og þumalfingri. Á vinstri rist eru blóðyrjur. Á hægri síðu er lítil húðafrika.“

Myndir af líki Gunnhildar, sem lagðar hafa verið fram í málinu, sýna suma af ofangreindum áverkum.

Frammi liggur og í málinu krufningarskýrsla, undirrituð af Gunnlaugi Geirssyni, dagsett 7. og 21. maí 1986. Segir þar um ytri áverka að á vinstra munnviki hafi verið u.þ.b. 1 cm langt sár, svo og marblettur við hægri augabrún. Á hálsi hafi verið stærsti áverkinn, en það var rispa, 11 cm á lengd, sem endaði í nokkru minni blettum í sömu stefnu. Þá var 0,8 cm löng rispa ofan við vinstri úlnlið. Grunn „circular“ för voru ofan við báða ökkla eins og eftir breitt band eða belti. Svipuð för, mjög óljós, sáust ofan við úlnliði.

Við lýsingu á öndunarfærum segir í krufningarskýrslunni að þegar baki hafi verið opnaður hafi sést töluvert af gráleitu slími þar sem teygist út í fjarlægari berkjugreinar og hafi slímhúðin verið með talsvert miklum roða. Gegnskurður sýni rauðbrúnleitan vef sem vessar ríkulega og er hann allþéttur átöku, en ekki sér neitt teljandi emphysema né heldur punktblæðingar. Seigir slímtappar þrýstast fram úr berkjum, þegar vefurinn er kreistur. Lungnaslagæðar eru eðlilegar.

Ályktun krufningarskýrslunnar hljóðar svo:

„Krufningin leiddi í ljós mikið slím í berkjum, sem fylltu loftvegi, bæði barka og berkjugreinar. Samkvæmt þeim upplýsingum, sem fyrir liggja um aðdraganda þessa mannsláts, samrýmist ástand lungnanna því að keflun geti hafa leitt til dauða konunnar.

Áverkar þeir, sem lýst er á líkinu, voru yfirborðslægir og hafa ekki verið meðverkandi að dauða. Konan var ölvuð er hún lést. Í blóði konunnar fundust einnig efnin diazepam og nordiazepam, en sjúkdómur konunnar (myasthenia gravis) er eitt af frábendingum þess að það lyf sé notað.

Ölvun konunnar, notkun diazepam og sjúkdómurinn (myasthenia gravis), geta hafa slævt vöðvaorku hennar, en skýra ekki ella dauða hennar.“

Í vottorði Þorkels Jóhannessonar, f.h. Rannsóknastofu í lyfjafræði, dags. 16.5. 1986, segir að magn etanóls í blóði Gunnhildar Gunnarsdóttur hafi verið 1.95‰. Við lyfjaleit í lifur hafi fundist diazepam, nordiazepam og vottur af koffeini og nikótíni. Hafi magn diazepam í blóði verið 315 ng/ml og magn nordiazepam 85 ng/ml. Önnur benzódíazepínsambönd voru ekki í blóðinu.

Gunnlaugur Geirsson, læknir og prófessor í réttarlæknisfræði, Nýja Lundi, Kópavogi, f. 30.1. 1940, hefur komið fyrir dóm og staðfest krufningarskýrsluna. Vitnið var spurt að því hvort það hafi séð nokkra aðra líklega dánarorsök en þá sem nefnd er í ályktun skýrslunnar. Svaraði vitnið því neitandi. Vitnið kvað það alkunna staðreynd að keflun geti hindrað að viðkomandi komi frá sér munnvatni og slími sem myndist í nefi og renni það þá niður í barka og berkjur og loki þannig loftvegi. Það kvað það einnig þekkt í sambandi við keflun að munnvatn og slím geti sest í keflið og það tútnað út og þannig aukist að fyrirferð frá því, sem það var í upphafi. Hins vegar sé torvelt að koma frá sér slími í gegnum nef. Vitnið tók fram að það hafi ekkert vitað um ástand keflisins, enda hafi verið búið að taka það úr munni konunnar er komið var með hana til þess.

Vitnið sagði og að ekki hefðu verið sjáanleg einkenni þess að konan hefði kúgast. Þá sagði vitnið að slævd vöðvaorka gæti valdið erfiðleikum við að koma frá sér slími, en áréttaði jafnframt niðurlagsorð krufningarskýrslunnar um hugsanlega slævða vöðvaorku af völdum ölvunar, neyslu áfengis og sjúkdóms konunnar, sem skýri þó ekki ella dauða hennar.

Vitnið John Ernest Gabriel Benedíksz læknir, Bergstaðastræti 42, f. 30.4. 1934, stundaði Gunnhildi Gunnarsdóttur vegna sjúkdóms hennar og leitaði hún fyrst til þess í janúar 1982 er hún var komin 8 mánuði á leið og varð sjúkdómsins þá fyrst vart. Var sjúkdómurinn ekki á mjög háu stigi þá, en í júlí 1982 var gerður uppskurður á henni og hóstarkirtill fjarlægður. Ástand hennar eftir uppskurðinn var nokkuð slæmt í fyrstu, en mildaðist síðan, þó það væri nokkuð sveiflukennt, en síðustu 2 árin var ástand

hennar nokkuð gott. Á því tímabili kom hún alloft til vitnisins, aðallega til að ræða við það um félagslegar aðstæður sínar og taldi vitnið að henni hafi furðanlega vel tekist að lifa með sjúkdómi sínum. Hélt vitnið að hún hefði síðast komið til sín 2 - 3 mánuðum áður en hún lést. Fékk hún þá hjá vitninu diazepam, sem hún taldi sér nauðsynlegt að fá og vitnið vildi ekki neita henni um, því það taldi betra að vita hvað hún tæki heldur en að hún fengi það hjá öðrum. Það kvað Gunnhildi hafa haft ótrúlegt þol, enda hafi hún verið mjög sterklega byggð líkamlega. Það taldi þó óhjákvæmilegt að neysla áfengis og diazepams hafi haft óæskileg áhrif gagnvart sjúkdómi hennar.

Vitnið kvað Gunnhildi hafa fengið sérstakt lyf við sjúkdómi sínum, mestinon, sem hún hafi átt að taka á fjögurra tíma fresti, 2 töflur, 60 mg hvor. Vitnið taldi eðlilegt að þetta lyf hafi ekki fundist í líkama konunnar, þar sem það sé mjög stuttverkandi og hverfi fljótt, sérstaklega hjá fólki er taki það að staðaldri.

Vitnið sagði að hjá Gunnhildi hafi sjúkdómurinn myasthenia gravis fyrst og fremst lýst sér í slappleika í vöðvum er stjórnuðu kyngingu, tali og einnig augnhreyfingum. Þá lýsti þetta sér einnig í slappleika í útlimum. Þá tók vitnið og fram, að framangreint lyf, mestinon, hafi þau áhrif að auka slím- og svitamyndun. Varðandi slappleika við kyngingar sagði vitnið að það lýsti sér einnig í slappleika hjá viðkomandi við að koma frá sér slími sem safnast niðri í berkjum.

Þá sagði vitnið að við eðlilegar aðstæður megi búast við því að vanræksla á að taka inn mestinon hefði þau áhrif að viðkomandi vöðvar slævdust en það tók þó fram að þessi sjúkdómur sé svo óútreiknanlegur að allt geti gerst, jafnvel hið gagnstæða.

II.

Að sögn ákærða kynntust þau Gunnhildur Gunnarsdóttir á Akureyri í maímánuði 1984 og giftu þau sig í september sama ár. Bjuggu þau síðan að Ferjubakka 10 í íbúð sem ákærði átti þar. Var sambúðin að sögn ákærða mjög góð af og til, en stundum nokkuð erfið því Gunnhildur hafi verið áfengissjúklingur, og þegar hún byrjaði að drekka hafi hún átt það til að hverfa að heiman um tíma, allt frá nokkrum dögum og upp í nokkrar vikur. Ákærði kvað þau hafa skilið að samvistum í desember 1985 sökum þess að Gunnhildur var þá við drykkju og vildi ekki hætta henni þrátt fyrir tilmæli ákærða.

Tildrög þess að Gunnhildur var hjá ákærða 6. maí sl. voru þau að hún hafði verið við langvarandi drykkju og leitaði ásjár hjá honum. Helgina fyrir umræddan atburð hringdi hún til ákærða frá fangageymslu lögreglunnar í Reykjavík og bað hann um að sækja sig og að aðstoða sig við

að komast í meðferð. Var ákærði að reyna að koma henni inn á meðferðarstofnunina Vog og hafði von um að það tækist að morgni 6. maí.

Komið hefur fram hjá ákærða og vitnum að þau Gunnhildur voru saman í Smiðjukaffi í Kópavogi aðfaranótt 6. maí sl. Hittu þau þar m.a. Sævar Erlendsson, Guðjón Kristjánsson, Grím Aðalbjörn Grímsson og Úlfar Theódórsson og buðu þeim að koma með sér að Ferjubakka 10. Ekki er unnt af framburðum að slá föstu á hvaða tíma komið var að Ferjubakka 10, en ætla má að það hafi verið í kringum kl. 3 og er þá einkum miðað við frásögn leigubifreiðarstjóra sem ók þremur gestanna að Ferjubakka 10. Eftir því sem best verður séð af framburðum sátu þau öll í fyrstu saman í stofu að Ferjubakka 10 og ræddu saman og verður ekki séð að neitt sérstakt hafi komið fram sem benti til missættis milli þeirra ákærða og Gunnhildar. Af framburðunum er einnig ljóst að eftir að þau höfðu setið nokkurn tíma í stofu fóru þau Gunnhildur og ákærði úr stofunni og inn í svefnherbergið. Er ekki unnt að slá neinu föstu um það af framburðum hvenær þetta hefur verið, en ætla má að það hafi verið fyrir klukkan 5. Byggist sú ályktun fyrst og fremst á framburði vitnisins Úlfars Theodórssonar sem telur sig hafa farið úr íbúðinni fyrir klukkan 5 og þá hafi þau verið farin fyrir nokkru inn í svefnherbergið og er þessi framburður Úlfars studdur framburði leigubílstjóra sem ók honum heim til hans.

Um það sem gerðist inni í svefnherberginu er ákærði einn til frásagnar, en gestunum ber saman um að þeir hafi ekki heyrt neitt óeðlilegt úr svefnherberginu þann tíma er þau voru þar.

Í fyrstu skýrslum sínum um þetta mál, þ.e. 6. maí hjá rannsóknarlögreglu, 7. maí fyrir dómi og 8. maí hjá rannsóknarlögreglu, gaf ákærði í skyn að Gunnhildur hefði sjálf hnýtt skyrtuból að hálsi sér eftir að hann yfirgaf svefnherbergið og fór fram til gestanna. Hafi hún síðan verið farin að blána þegar hann kom aftur inn til hennar. Hinn 14. maí 1986 sneri ákærði hins vegar við blaðinu og kvaðst hafa tekið þá ákvörðun að skýra satt og rétt frá í málinu, þ.e. um það hvernig andlát Gunnhildar Gunnarsdóttur bar að. Hann kvaðst ekki muna hvað varð til þess að þau Gunnhildur fóru inn í svefnherbergi, en þegar þau hafi komið þangað inn hafi þau lagst niður á dýnurnar á gólfinu og talað saman. Hafi þau m.a. talað um það að þau langaði til að eignast barn. Ef þau gerðu það myndu hlutirnir breytast og hafi Gunnhildur talið að hún myndi þá hætta að drekka. Þau hafi síðan rætt um væntanlega meðferð hennar og hafi hún spurt ákærða hvort þau gætu ekki byrjað að vera saman eftir að hún væri búin í meðferðinni. Ákærði svaraði því til að þau yrðu að sjá til hvernig henni vegnaði eftir meðferðina. Þegar hér var komið var ákærði sestur upp og sat á dýnu-brúninni, en Gunnhildur lá út af. Ákærði kveðst hafa sagt við hana að ef hún hætti ekki að drekka þá yrði hún eins og nafngreindar óreglukonur

sem hafi á sér slæmt orð, en þetta sárnaði Gunnhildi mjög og sagði að það skyldi aldrei verða. Hann kvað Gunnhildi hafa spurt sig ítrekað að því hvort þau gætu ekki byrjað að vera saman aftur þegar hún kæmi úr meðferðinni, en hann svarað henni sem fyrr að þau yrðu að sjá til. Hann mundi ekki hvort það var í framhaldi af þessu svari sínu eða eftir að hann sagði við hana að hún yrði eins og þessar tvær fyrrnefndu konur, að hún ætlaði að rjúka upp.

Hér fyrir dómi hefur ákærði lýst atburðum svo að Gunnhildur hafi orðið æst við fyrrgreind ummæli hans og ætlað að fara. Hann sagði þá við hana að frekar myndi hann binda hana en að hún færi og vísaði hann til þess að hann væri búinn að biðja um pláss fyrir hana á Vog. Þegar hún ætlaði að gera alvöru úr því að fara ýtti ákærði henni niður á dýnuna og gerði það þannig að hann ýtti með báðum höndum á háls hennar. Hann kvaðst hins vegar ekki hafa gripið hana kverkataki. Síðan hafi hann haldið henni niðri og hélt hann hægri hendi hennar með vinstri hendi sinni, en hægri hönd hennar klemmdi hann á milli fóta sér. Tók hann einnig fyrir munn hennar til þess að hún gæti ekki öskrað. Þá tók hann skyrtuból, sem þarna var, og skellti honum upp í munnvik hennar, en þó ekki þannig að lokaði loftvegi inn í munninn og taldi hann að loftrúm hafi verið bæði fyrir ofan og neðan bolinn í munninum. Batt hann hnút á bolinn hægra megin á vanga hennar og náði bolurinn þá í kringum höfuðið. Var þetta venjulegur rembihnútur sem hann batt, og var bolurinn í munnvikum Gunnhildar.

Ákærði tók síðan ólar, sem voru þarna af tilviljun, og batt hann síðan fyrst hendur hennar saman fyrir aftan bak og síðan fætur saman. Loks batt hann saman hendur og fætur þannig að ól lá frá fótum, sem beygðust um hné, upp að höndum, en Gunnhildur lá á hægri hlið.

Að þessu loknu fór ákærði fram til að fá sér vatn að drekka og drakk hann tvö til þrjú glös. Var það ætlan hans að losna við áfengið úr líkamanum sem fyrst því hann hafði hugsað sér að fara með Gunnhildi á Vog þarna um morguninn. Gekk ákærði aðeins inn í stofuna þar sem gestir hans voru, og voru þeir í hörkusamræðum um leigubílaakstur. Blándaði hann sér ekki í þær samræður og taldi jafnvel að þeir hafi ekki veitt sér athygli.

Ákærði kveðst hafa verið örfáar mínútur frammi í stofunni og síðan hafi hann farið aftur inn í svefnherbergið. Gunnhildur hafi þá legið alveg hreyfingarlaus, en hann tók fram að þegar hann fór út úr herberginu hafi hún verið að reyna að losa af sér böndin. Athugaði ákærði hana strax og þreifaði á hjartastað og fann ekki hjartslátt. Hann losaði hana þegar í stað og hóf lífgunartilraunir með blástursaðferð og hjartahnoði, en blástursaðferð hafði hann lært á meiraprófsnámskeiði og kunni einnig hjartahnoð. Hann fann enga svörun við þessum tilraunum. Hann segir að hún hafi ekki verið

farin að blána þegar hann kom þarna, en hins vegar hafi sér fundist hún vera mjög föl.

Ákærði fór þessu næst fram í stofu og fékk Sævar Erlendsson með sér inn og taldi Sævar að þetta væri í lagi og sagði ákærða að leggja Gunnhildi á hliðina og myndi hún jafna sig. Síðan fóru þeir fram, en rétt á eftir fóru þeir aftur inn ásamt Guðjóni Kristjánssyni sem taldi nauðsynlegt að kalla á sjúkrabifreið. Síminn í íbúð ákærða var lokaður og því fór hann í íbúðina fyrir neðan og fékk að hringja og komst hann þar viðstöðulaust inn.

Ákærði kveðst ekki hafa verið mikið undir áhrifum áfengis greint sinn. Gunnhildur hafi verið þó nokkuð ölvuð, en ekki dauðadrukkin. Samkvæmt niðurstöðu alkólhólrannsóknar, sem liggur fyrir, reyndist vera 0,66‰ alkólhóls í blóði ákærða, en 1,17‰ í þvagi hans.

Hér fyrir dómnum hefur ákærði neitað því að hann hafi með framangreindu atferli sínu orðið valdur að dauða Gunnhildar Gunnarsdóttur. Í fyrsta lagi hefði hún verið með fullu lífsmarki og verið að reyna að losa sig er hann fór út úr herberginu. Telur hann það útilokað að keflunin hafi valdið köfnun, þar sem opinn hafi verið loftvegur bæði fyrir ofan og neðan skyrtubolinn í munnum, og einnig hafi nefið verið opið.

Aðspurður taldi ákærði útilokað að neinum öðrum væri til að dreifa sem hafi beitt Gunnhildi ofbeldi eða lagt á hana hendur umrædda nótt þarna í íbúðinni. Einnig áréttaði hann að fyrri skýrslur sínar um að Gunnhildur hafi sjálf bundið skyrtubolinn um hálsinn hafi verið rangar og hafi hann leiðrétt þetta með skýrslu sinni 14. maí sl.

Vitnið Guðjón Kristjánsson byggingaverkamaður, Réttarholtsvegi 95, fæddur 12. nóvember 1953, hefur skýrt svo frá að það hafi hitt ákærða og Gunnhildi Gunnarsdóttur í Smiðjukaffi aðfaranótt 6. maí sl. og fór það ásamt fleirum heim til þeirra að Ferjubakka 10. Vitnið gat ekki gert sér grein fyrir því klukkan hvað þetta var, en vitnið var vel undir áhrifum áfengis. Vitnið kom eitt með ákærða og Gunnhildi heim til þeirra, en hinir gestirnir komu rétt á eftir. Fór vitnið fyrst með þeim Gunnhildi og ákærða inn í herbergi þar sem ákærði var með líkamsræktartæki og skoðaði vitnið þau og einnig unnu þau saman við að líma í sameiningu teppabút á gólfíð þar. Síðan var setið saman frammi í stofu og rætt um heima og geima. Vitnið man ekkert sérstaklega eftir því er þau ákærðu og Gunnhildur fóru úr stofunni og það kveðst ekki geta gert sér grein fyrir því hvenær það varð þess áskynja að þau voru farin. Það kvaðst ekki hafa orðið vart við neitt rifrildi eða neitt missætti milli þeirra og á meðan þau hafi verið í stofunni hafi þau tekið þátt í samræðum með eðlilegum hætti. Vitnið kveðst heldur ekki hafa orðið vart við neitt óvenjulegt í íbúðinni eftir að þau fóru inn í herbergið. Það segir að músik hafi verið í stofunni, en ekki hávær.

Vitnið mundi ekki sérstaklega hvað þeir gestirnir ræddu eftir að ákærði og Gunnhildur hurfu, en telur ekki ólíklegt að þeir hafi rætt m.a. um leigubílaakstur, því þeir hafi allir fengist við hann.

Vitnið segir að Sævar hafi komið til sín og beðið sig að koma inn í herbergið þar sem Gunnhildur var. Hafi hún legið þar hreyfingarlaus og þreifaði vitnið á puls hennar og fann hann ekki. Fannst honum eins og varir hennar væru bláar. Taldi vitnið rétt að kallað yrði á sjúkrahól.

Vitnið Sævar Erledsson bifreiðarstjóri, Kóngsbakka 2, fæddur 1. apríl 1946, hefur skýrt svo frá að það hafi hitt ákærða og Gunnhildi Gunnarsdóttur í Smiðjukaffi aðfaranótt 6. maí sl. og í framhaldi þess hafi það ásamt fleirum farið heim til þeirra að Ferjubakka 10.

Vitnið mundi ekki eftir neinu sérstöku rifrildi milli ákærða og Gunnhildar þegar það kom hér fyrir dóm 17. þ.m., en í skýrslu þess hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins hafði það skýrt frá því að drykkjuvandamál Gunnhildar hafi eitthvað komið til umræðu. Var vitninu bent á þetta hér fyrir dómi. Það kvaðst þá minnst þess að þetta hafi komið þarna til umræðu, en taldi ekki hafa orðið neitt rifrildi út af því.

Vitnið telur að talsverður tími hafi liðið áður en ákærði og Gunnhildur yfirgáfu stofuna. Það kvaðst hins vegar ekki geta gert sér grein fyrir því hvort þau komu fram aftur, annað eða bæði. Það mundi ekki eftir að hafa heyrt neitt óeðlilegt frá þeim ákærða og Gunnhildi innan úr herberginu. Vitninu var bent á að samkvæmt skýrslu þess hjá rannsóknarlögreglu hafi það heyrt einhvern skarkala í lóðum stuttu eftir að þau fóru inn í herbergið. Það mundi ekki eftir þessu þegar það kom hér fyrir dóm og vísaði til skýrslu sinnar um þetta.

Vitnið Úlfar Theodórsson bílstjóri, Efstasundi 35, fæddur 19. febrúar 1956, var einn af gestum ákærða í íbúðinni að Ferjubakka 10 greint sinn. Það kveðst hafa farið þaðan u.þ.b. klukkan 5 að morgni 6. maí og hafi ákærði og Gunnhildur verið búin að vera í burtu úr stofunni 30 - 45 mínútur, að því er vitnið giskaði á. Þegar vitnið var að fara var það að leita að síma í íbúðinni og bankaði það á svefnherbergisdýrnar. Ákærði kom þá til dyra og sagði að hann væri rétt að koma fram, en vitnið sá hvorki eða heyrði neitt til Gunnhildar þegar ákærði opnaði, en hann opnaði dýrnar mjög lítið. Vitnið sá ekkert óeðlilegt við ákærða. Vitnið hafði heldur ekki heyrt neitt sérstakt áður frá herberginu.

III.

Hannes Pétursson yfirlæknir hefur framkvæmt geðheilbrigðisrannsókn á ákærða og er skýrsla hans um hana dagsett 18. júní 1986. Segir þar að ákærði sé fæddur og uppalinn í Reykjavík hjá foreldrum og sé hann elstur níu alsystkina, en auk þess séu tvö eldri hálf systkini. Að sögn ákærða á

ekkert systkina hans við nein sérstök vandkvæði að stríða og samband sé mjög gott milli þeirra allra og veit ákærði ekki til geðsjúkra meðal fjölskyldumeðlima. Hann veit heldur ekki til ættgengra sjúkdóma, en hins vegar hafi verið nokkuð um hjartsláttaróreglu meðal fjögurra systkina. Ákærði kvaðst hafa átt ánægjulega bernsku, en hann hætti fljótlega skólagöngu og kvaðst ekki hafa nennt að ljúka skyldunámi en fór að vinna. Hann hafi þó ekki átt við nein sérstök atferlisvandkvæði að stríða í skóla.

Ákærði byrjaði að vinna 14 ára að aldri, fyrst í fiski en síðan í Áburðarverksmiðjunni vorið 1963, en eftir það hafi hann stundað ýmis störf, en síðast hafi hann unnið í Áburðarverksmiðjunni undanfarin 10 - 11 ár og hefur kunnað mjög vel við sig á þeim vinnustað.

Ákærði kynntist stúlku 17 ára gamall og fóru þau að búa saman ári síðar, þ.e. 1967. Giftu þau sig síðan 1969 og eignuðust tvo syni. Þau skildu hins vegar árið 1971, en tóku saman aftur ári síðar og eignuðust þá þriðja soninn og gekk hjónabandið þokkalega að sögn ákærða. Þau skildu þó árið 1977 og fékk ákærði forræði yfir öllum drengjunum og voru þeir lengst af heima hjá honum.

Ákærði og Gunnhildur Gunnarsdóttir kynntust á Akureyri í maí 1984, en Gunnhildur hafði þá nýlega slitið sambúð og að sögn ákærða var hún í töluverðri drykkju á þeim tíma. Samband þeirra Gunnhildar varð fljótlega náð og fóru þau suður skömmu síðar, en Gunnhildur hafi þá átt að leggjast inn á sjúkrastöðina Vog, en farið þaðan út aftur daginn eftir og flutt inn í íbúð ákærða. Þau gengu í hjónaband 28. september 1984. Hafi Gunnhildur hætt að drekka að mestu leyti nema um helgar eins og gengur og gerist. Á sl. sumri, þ.e. 1985, hafi hún hins vegar farið að hverfa tvo til þrjá daga í senn um helgar og þá verið í „partýum“. Hafi þetta ágerst stig af stigi og m.a. leitt til þess að barnaverndarnefnd hafi tekið af henni forræði dætra hennar.

Ákærði kveðst hafa reynt að halda Gunnhildi frá drykkju, en ekki hafi verið hægt að koma rökum við hana. Hann hafi þó aldrei reynt að hefta för hennar, t.d. með því að loka hana inni. Hún hafi horfið öðru hvoru í nokkra daga í senn, en ákærði telur að hún hafi einnig misnotað lyf á þessum tíma. Hann kvað sér hafa sárnað hvörf Gunnhildar, t.d. meðan hann hafi verið á sjúkrahúsi í ágúst 1985. Hún hafi jafnvel „farið í strætið, sofið í görðum og þess háttar“. Þá kvað hann hana jafnvel hafa grýtt að honum eldhúshníf einu sinni þegar hann var að reyna að fá hana með sér heim. Hún hafi auk þess verið fingralöng þegar hún var í drykkju. Hann kveðst einu sinni hafa slegið til hennar vegna þessa, en neitar alfarið að hafa beitt Gunnhildi líkamlegu ofbeldi að öðru leyti.

Ályktun geðlæknisins er á þessa leið:

„Að mínu áliti er Magnús Friðrik Óskarsson ekki haldinn formlegri geð-

veiki né greindarskorti. Ekki hafa heldur greinst einkenni um meiri háttar taugaveiklun, en hins vegar greinast nokkur merki um vægar persónuleika-truflanir. Með hliðsjón af niðurstöðu blóðrannsókna, þar með talin litar-pröfun, er hugsanlegt að áfengisnotkun Magnúsar sé eitthvað meiri en hann treystir sér til að viðurkenna. Hins vegar ber þess að gæta að Magnús hefur neytt ýmissa lyfja, þar með talin hormónalyf vegna vaxtarræktar sinnar, en slík lyfjanotkun getur valdið skertri lifrarstarfsemi. Magnús hefur einnig undanfarin ár haft einkenni um hjartasjúkdóm af óþekktum uppruna (tachycardia ventricularis).

Að því er varðar aðdraganda og hugsanlegar orsakir fyrir atviki því er Magnús sætir nú kæru fyrir, þá virðist verknadurinn fyrst og fremst einkennast af stórfelldu gáleysi af hálfu Magnúsar. Í viðtölum hélt Magnús því eindregið fram að honum hafi gengið það eitt til að reyna að aftra Gunnhildi heitinni frá því að fara út af heimilinu þá um nóttina. Svo virðist sem Gunnhildur hafi átt við að stríða áfengis- og lyfjamisnóktun og átt það til að hverfa nokkra daga í senn af heimilinu vegna þessa, og enn fremur virðist hjónaband þeirra Magnúsar hafa gengið brösuglega á stundum. Á þeirri stundu sem framangreindur verknadur átti sér stað er hugsanlegt að ölvun Magnúsar hafi átt þátt í því að hann gerði sér ekki sem skyldi grein fyrir því hversu stórháskalegt athæfi hans var.

Í viðtölum lýsti Magnús áhuga sínum á því að vinna áfram að vaxtar-rækt. Aðspurður um áfengisneyslu taldi hann að áfengi væri sér ekki vandamál. Ég tel þó, m.a. vegna hjartasjúkdóms og skertar lifrarstarfsemi, mjög þýðingarmikið að Magnús haldi sig alfarið frá neyslu áfengis, svo og þeim lyfjum sem hann hefur neytt í sambandi við vaxtarræktina. Að lokum tel ég að raunveruleikamat og dómgreind Magnúsar Friðriks Óskars-sonar sé með þeim hætti að hann teljist sakhæfur.“

Niðurstöður:

Sannað er með eigin framburði ákærða, sem studdur er lýsingu krufning-arskýrslu, framburðum vitna og öðrum gögnum er lúta að sýnilegum áverkum á líki Gunnhildar Gunnarsdóttur, að 6. maí sl., er þau Gunnhildur voru stödd í svefnherbergi íbúðar ákærða að Ferjubakka 10, ýtti hann framan á háls hennar með báðum höndum og þvingaði hana niður á dýnu er hún hugðist fara á brott, hnýtti skyrtubol upp í munn hennar og batt hann aftur fyrir höfuð og síðan batt hann hendur fyrir aftan bak, svo og fætur saman, og loks batt hann saman hendur og fætur. Yfirgaf ákærði síðan herbergið þar sem Gunnhildur lá og braust um til að reyna að losa sig. Þegar hann kom inn í herbergið nokkru síðar virtist Gunnhildur líflaus og komst ekki til lífs þrátt fyrir tilraunir ákærða til að lífga hana við og tilraunir sjúkraliðsmanna og lækna síðar.

Ákærði heldur því fram að Gunnhildur hafi ekki látist af hans völdum þar sem hann hafi skilið við hana með loftveg opinn, bæði í munni fyrir ofan og neðan skyrtubolinn, svo og í nefi. Þegar hins vegar eru virt ályktun krufningarskýrslu og framburður Gunnlaugs Geirssonar, læknis og prófessors í réttarlæknisfræði, hér fyrir dómi, þykir engu að síður í ljós leitt að ofangreint atferli ákærða hafi valdið dauða Gunnhildar Gunnarsdóttur. Breytir þar ekki um þótt sjúkdómur hennar ásamt ölvun og neyslu diazepams kunni að hafa slævt vöðvaorku hennar, enda er það mat læknisins að þeir þættir skýri ekki dauða hennar.

Ekkert hefur komið fram í málinu sem bendir til þess að ákærði hafi fyrirfram ákveðið að svipta Gunnhildi lífi og þykir ekki ástæða til að vefengja þá frásögn hans að hann hafi með framangreindum aðgerðum sínum ætlað að hindra hana í að fara á brott til að ná í áfengi eða lyf, því hann hafi haft von um að fá vist fyrir hana á sjúkrahöðinni Vogu næsta morgun. Einnig verður hér að leggja til grundvallar þá frásögn ákærða, að hann hafi verið örfáar mínútur í burtu frá Gunnhildi eftir að hann batt hana og keflaði, áður en hann sneri aftur inn í herbergið þar sem hún var.

Aðför ákærða að Gunnhildi var stórháskaleg og líkleg til að hafa í för með sér alvarlegar afleiðingar. Eins og atvikum er hér háttað þykir þó ekki unnt að staðhæfa að ákærða hafi mátt vera það ljóst er hann framkvæmdi verknað sinn að hann kynni að leiða til dauða konunnar. Er því ekki unnt að telja verknaðinn ásetningsverknað, er varði við 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940. Hér var hins vegar um að ræða stórháskalega og vísvitandi líkamsárás, sem leiddi til dauða Gunnhildar og þykir því rétt að heimfæra verknaðinn undir 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 11. gr. laga nr. 10, 1981. Verður þeirri lagagrein beitt hér, þótt hún sé ekki tilgreind í ákæru, enda var sækjanda og verjanda gefinn kostur á að reifa málið með hliðsjón af henni, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála.

Með hliðsjón af geðheilbrigðisskýrslu Hannesar Péturssonar yfirlæknis verður að telja að ákærði sé sakhæfur.

Ákærði hefur tvívegis verið sakfelldur fyrir brot á 217. gr. almennra hegningarlaga, þ.e. 21.3. 1966 og 14.2. 1983, og hlaut hann sektir í bæði skiptin. Frá árinu 1965 hefur hann þrívegis hlotið sektir fyrir brot á umferðarlögum, síðast á árinu 1978, og á árinu 1966 hlaut hann sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af 9. tl. 74. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi í 5 ár. Til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 7. maí 1986 með fullri dagatölu, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað máls þessa, þar með talin

saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 30.000,00, en af hálfu ákærvaldsins flutti málið Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari. Þá greiði ákærði skipuðum verjanda sínum, Hilmari Ingimundarsyni hrl., réttargæslubóknun og málsvarnarlaun, kr. 55.000,00.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Magnús Friðrik Óskarsson, sæti fangelsi í 5 ár.

Til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhaldstími ákærða frá 7. maí 1986 með fullri dagatölu.

Ákærði greiði allan kostnað máls þessa, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð kr. 30.000,00 og réttargæslubóknun og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hrl., kr. 55.000,00.

Föstudaginn 12. júní 1987.

Nr. 299/1986. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Steinari Halldórssyni og

Heimi Steinarssyni

Ómerking. Heimvísun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir.

Héraðsdómi var skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 13. október 1986 að ósk ákærðu og jafnframt af hálfu ákærvalds til ákvörðunar og þyngingar refsingu og staðfestingar um upptöku myndbandstækja.

Ákærðu í máli þessu gengu um svonefnt „grænt“ hlið tollgæslunnar á Keflavíkurflugvelli merkt áletruninni „Enginn tollskyldur